



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/709
komudagur 20.1.2005

Umhverfisnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. janúar 2005
SP/hó


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 33. mál, æðarvarp

Tilv: 2004120009

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis frá 14. desember sl. þar sem leitað er álits á ofangreindu frumvarpi.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/730
komudagur 24/735

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


24. janúar 2005

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Frumvarp til laga um breytingu á lögum 64/1994,
vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum
spendýrum.
Þskj. 33 - Mál nr. 33.

LS er sammála efni frumvarpsins og telur það verða til þess að meiri sátt ríki milli
grásleppuveiðimanna og æðarbænda.

Virðingarfyllt

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/749
komudagur 26.01.2005

Umhverfisnefnd Alþingis
Bt. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

25. janúar 2005


Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndun, friðun og villtum spendýrum m 64/1994, með síðari breytingum (mál 33)

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 14. desember s.l.

Stjórn Landverndar styður framlagt frumvarp, þess efnis að banna netalagnir í sjó nær friðlýstu æðarvarpi frá 1. apríl til 14. júlí, í stað 15. apríl til 14. júlí. Stjórnin leggur áherslu á að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti og þau rök sem færð eru fyrir þessari breytingartillögu gefa tilefni til að ætla að þetta sé spor í þá átt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar


Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/696
komudagur 18.1.2005

Umhverfisnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. janúar 2005
2004120014/42-4
SB/ph


Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 33. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Breytingartillagan beinist að 1. mgr. 20. gr. laganna og felst í því að færa fram um tvær vikur (þ.e. frá 15. apríl til 1. apríl) gildandi bann, án leyfis varpeiganda, við netlögnum í sjó nær friðlýstu æðarfurpi en 250 metrum. Breytingartillagan er sett fram til þess að draga úr aftöllum æðarfugls í netum í ljósi þess að upphaf grásleppuvertíðar hefur færst fram hin síðari ár.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst ekki gegn þessari breytingu, en bendir á eftirfarandi. Í fyrsta lagi hefst grásleppuvertíðin á mismunandi tímum eftir landshlutum og sums staðar löngu fyrir 1. apríl. Í öðru lagi eru líffræðileg verndarrök fyrir breytingunni hæpin þar sem æðarfugl er ekki farinn að þétta sig við vörpin á þessum tíma (1.-15. apríl), en heldur sig með ströndinni ýmist dreifður eða í stórum pörunarhópum. Breytingin gæti því verið íþyngjandi fyrir grásleppukarla án þess að skila tilætlaðri vernd; meiri vernd fengist hugsanlega með því að kortleggja þá staði við ströndina þar sem æðarfugl hópar sig snemma vors til pörunar og banna netlagnir á þeim svæðum. Í þriðja lagi þarf að skoða hvort þessi breyting kallar á endurfriðlýsingu æðarfurpa skv. reglugerð 252/1996.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Æðarræktarfélag Íslands

Stofnað 1969

Aðsetur: Bændahöllinni – Pósthólf 7080
127 Reykjavík – Sími 563 0300 – Fax 562 3058

Alþingi
Erindi nr. P 131/710
komudagur 20 i. 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, með síðari breytingum.


Æðarræktarfélag Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, Þskj 33 – 33. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að; “Frá 1. apríl til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250m frá stórstraumsfjörumáli.”

Æðarræktarfélag Íslands fagnar fram komnu frumvarpi og leggur eindregið til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Æðarræktarfélags Íslands


Jónas Helgason,
formaður